

AUGLÝSING

um deiliskipulag í landi Miðdals, lóð fyrir frístundahús norðan Selvatns, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag í landi Miðdals, lóð fyrir frístundahús, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 26. nóvember 2003.

Skipulagstillagan tekur til spildu, þjóðskrárn. 9400-0340, sem er 1,2 ha að stærð úr landi Miðdals, norðan Selvatns. Spildan er á svæði sem samkvæmt aðalskipulagi er skilgreint til frístundabyggðar.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þess í B-deild Stjórnartíðinda.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi við birtingu auglýsingar þessarar.

Mosfellsbæ, 23. desember 2003.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skaftárhreppi.

Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Skálmarbæjar, Skaftárhreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur sveitarstjórn Skaftárhrepps þann 11. ágúst 2003 samþykkt tillögu að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Skálmarbæjar. Uppdrættir og greinargerð skipulagsins hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla um fyrir.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framsend gögn og gerir ekki athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsins.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Kirkjubæjarklaustri, 22. desember 2003.

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Skaftárhreppi,

Oddur Thorarensen.

AUGLÝSING

um deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagsáætlun í Hrunamannahreppi.

Svanabyggð í landi Efra-Sels, Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Hrunamannahrepps þann 3. desember 2003 breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðarinnar Svana-
byggðar í landi Efra-Sels.

Breytingin felst í því að tveimur frístundalóðum, Svanabyggð nr. 24 og nr. 25 er bætt við.